



# FRAMKVÆMDASTJÓRI NÝS ÞJÓNUSTUSVIÐS VEGAGERÐARINNAR

Við leitum að framkvæmdastjóra til að leiða öflugt starf á nýju þjónustusviði Vegagerðarinnar. Starfsstöðin er í Reykjavík. Starfið heyrir beint undir forstjóra og framkvæmdastjórinn tekur sæti í yfirstjórn Vegagerðarinnar.

Starfssemi þjónustusviðs tekur til þjónustu við vegakerfið allt árið og upplýsingamiðlunar til veg- og sjófarenda.

Vegagerðin er þjónustumiðuð stofnun sem nýtir tækniþekkingu til umferðarstýringar og bættis samgönguöryggis á sjó og landi. Stöðugar umbætur þjónustunnar með tækniþróun og markvissri endurskoðun verklags verða ekki hvað síst áskorun fyrir nýjan framkvæmdastjóra. Framundan eru stór verkefni við þróun þjónustu og upplýsingagjafar.

Um er að ræða áhugavert og spennandi starf þar sem viðkomandi gefst tækifæri á að þróa nýtt svið þjónustu á tímum mikilla tækniþreyinga og stafrænna umbreytinga, innleiða nýja ferla og hagnýta upplýsingatækni við innri og ytri þjónustu Vegagerðarinnar.

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg
- Stjórnunarreynsla
- Farsæl og árangursrík reynsla af rekstri
- Haldgóð þekking á fjármálum
- Reynsla af þjónustustýringu og upplýsingamiðlun
- Reynsla og þekking á stafrænum lausnum
- Reynsla af þróun og innleiðingu nýrra ferla
- Framúrskarandi samskiptafærni og rík þjónustulund
- Frumkvæði, metnaður og árangursdrifni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku

## Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags og umsóknarfrestur er til og með 2. september 2019. Nánari upplýsingar um starfið veita Katrín S. Óladóttir framkvæmdastjóri Hagvangs ([katrin@hagvangur.is](mailto:katrin@hagvangur.is)), Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar ([bergthora.thorkelsdottir@vegagerdin.is](mailto:bergthora.thorkelsdottir@vegagerdin.is)) og Sigurbjörg J. Narby Helgadóttir mannauðsstjóri Vegagerðarinnar ([sigurbjorg.helgadottir@vegagerdin.is](mailto:sigurbjorg.helgadottir@vegagerdin.is)) eða í síma 522 1000.

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur um hæfi til að gegna umræddu starfi. Sækja skal um starfið á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.